



VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA

- ÁRSSKÝRSLA 2022



LANDSPÍTALI

Formáli – Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs Landspítala

Sú sem þetta skrifar hefur lengi verið þeirrar skoðunar að tími sé komin á að endurskoða starf og hlutverk Vísindaráðs Landspítala. Í tengslum við þá endurskoðun mætti íhuga hvort nýta mætti ráðið meira til álitsgjafar en nú er. Koma á formlegri samskiptum milli ráðsins og framkvæmdastjórnar Landspítala. Kalla ráðið oftast að borðinu þegar rædd eru mál sem snúa að, eða hafa áhrif á vísindi og vísindamenningu innan Landspítala. Innan ráðsins starfa 20 vísindamenn, hver og einn með mikla vísindalega reynslu bæði innan og utan spítalans. Þekkingarbreiddin og reynslan innan ráðsins er því mikil og mætti nýta hana betur en nú er gert. Það mætti einnig íhuga að gera Vísindaráðið sýnilegt í skipuriti spítalans og ætti það þá að vera á sama stað og fagræð spítalans.



Við endurskoðun á hlutverki ráðsins mætti einnig íhuga að taka út, eða minnka umfang þess hlutverks sem ráðið gegnir gagnvart Vísindasjóði. Fjöldi umsókna sem berast sjóðnum ár hvert er vel yfir 100. Stór hluti af starfi ráðsins snýst um faglegt mat á þessum vísindaumsóknum auk annars undirbúnings fyrir úthlutun styrkja úr sjóðnum. Mögulega mætti íhuga að setja á laggirnar sértakt fagræð Vísindasjóðs sem myndi sjá um mat á umsóknum. Það mætti jafnvel horfa til hlutverks og fyrirkomulags fagræða innan annarra sambærilegra stofnana innanlands og utan. Þá mætti skoða að fela öðrum aðilum en Vísindaráði að halda utan um framkvæmd viðburðarins Vísindi á vordögum, og jafnvel endurskoða þann viðburð líka. Vísindaráð myndi þó áfram hafa veg og vanda af tillögugerðum varðandi vísindatengdar heiðranir á Landspítala.

Það er einnig komin tími á endurskoðun á styrkja- og úthlutunarreglum Vísindasjóðs Landspítala. Núverandi styrkjaupphæðir úr sjóðnum eru ekki nægilega háar til þess að raunhæft sé að hanna metnaðarfull vísindaverkefni með nægilega miklu nýnæmi til að fá birtingu í vísindaritum með háan áhrifastuðul. Enda sýna niðurstöður nýlegra kannana að vísindagreinar með niðurstöðum rannsókna sem stundaðar eru á Landspítala fá færri tilvitnanir en á árum áður. Áhrifamesta aðgerðin til að snúa þessari þróun við er að búa til meiri tíma fyrir vísindafólk spítalans til að stunda vísindarannsóknir og gera þá kröfu að tímanum sé varið í rannsóknir sem hafa mikið alþjóðlegt vísindalegt gildi og nýnæmi. Samhliða þyrfti að breyta úthlutunarstefnu Vísindasjóðs Landspítala þannig að úthlutanir úr sjóðnum miðist við fulla fjármögnun verkefna. Að óbreyttu myndi sú breyting kalla á fækkun styrktra verkefna, sem þýddi að óraunhæft væri að leyfa fleiri en eina styrkumsókn frá hverjum vísindamanni.

Nauðsynlegar breytingar á úthlutunarreglum Vísindasjóðsins eru ekki hvað síst mikilvægar á þeirri vegferð Landspítala að sannfæra stjórnmalafólk og aðra ráðandi aðila í þjóðfélaginu um að auka fjárframlög til vísindarannsókna á Landspítala. Markmiðið er að a.m.k. 3% af veltu spítalans verði sérmerkt vísindastarfi. Sem er markmið sem framkvæmdastjórn Landspítala setti sér að ná innan 5 ára, með samþykkt Vísindastefnu Landspítala árið 2019. Þessu markmiði erum við jafnlangt frá að ná árið 2023 og við vorum árið 2019. Skýringarnar á því eru eflaust margar og flestar gildar. Líklega vegur þar þyngst að Landspítali er ekki búinn að negla niður ákveðnar leiðir að þessu markmiði. Eins og í vel hönnuðu og skipulögðu vísindaverkefni þá þarf að hafa markmið og tilgang, ákveða aðferðir, framkvæmd og hlutverkaskipan, og setja upp vel skilgreindar tíma- og árangurstengdar vörður. Þetta vantar. Landspítali er búinn að setja sér markmið en það vantar aðgerðaráætlun. Til að ná eyrum þeirra sem ráða fjármagninu, og til að skapa traust á getu okkar til að hámarka nýtingu á fjármunum ætluðu vísindastarfi, þá þurfum við á Landspítala að gera betur.




Rósa Björk Barkardóttir (formaður), náttúrufræðingur, yfirmaður rannsóknastofu í sameindameinafræði á meinafræðideild, Rannsóknarþjónustu og klínískur prófessor.



Guðrún Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður fræðasviðs á kvenna- og barnaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.



Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir á erfða- og sameindalæknisfræðideild, Rannsóknarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.



Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur við ónæmisfræðideild, Rannsóknarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.



Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur, deildarstjóri Næringarstofu, Skurðlækningaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.



Marianne Klinke, hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður fræðasviðs á Kennslu- og rannsóknardeild, Skrifstofu meðferðarsviðs og dósent við Háskóla Íslands.



Sigurbergur Kárason, yfirlæknir á svæfinga- og gjörgæslulækningum, Skurðstofum og gjörgæslu og prófessor við Háskóla Íslands. Hætti í lok ársins.



Sigurður Guðjónsson, sérfræðilæknir á þvægfæraskurðlækningum, Skurðlækningaþjónustu og lektor við Háskóla Íslands. Hætti í september.



Sigríður Zöega, deildarstjóri, Verkjateymi og dósent við Háskóla Íslands.



Starfsmaður vísindaráðs
Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur

VARAMENN 2022:

Auðna Ágústsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, menntadeild.
Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur, meinafræðideild og klínískur prófessor við Háskóla Íslands.
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, yfirlæknir, hjartadeild og lektor við Háskóla Íslands.
María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur, sálfræðiþjónustu og prófessor við Háskólann í Reykjavík.
Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, gjörgæslu og lektor við Háskóla Íslands.

Valtýr Stefánsson Thors, sérfræðilæknir, barnalækningum og lektor við Háskóla Íslands.
Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur, augnlækningum og prófessor við Háskóla Íslands.
Þórunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir, gigtlækningum og lektor við Háskóla Íslands.
Þórunn Sch. Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs, svæfingu og dósent við Háskóla Íslands.



HELSTU VERKEFNI VÍSINDARÁÐS Á ÁRINU

FUNDIR VÍSINDARÁÐS

Fundir ráðsins voru 11 talsins á árinu 2022. Fundir eru skipulagðir fram í tímann við upphaf hvorrar vinnulotu og voru árið 2022 allir haldnir á fjarfundaformi til hagræðingar fyrir ráðsmenn. Starfsmaður ráðsins tekur saman fundargerðir. Fundargerðir Vísindaráðs munu verða gerðar aðgengilegar á vef ráðsins.

UMSJÓN OG MATSFERLI STYRKJA VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Vísindaráð sér um faglegt mat á vísindaumsóknum í Vísindasjóð Landspítala og á grundvelli þess er styrkjum úthlutað til að vinna að framkvæmd vísindarannsóknna á spítalanum. Vísindaráð ákveður umgjörð utan um umsóknar- og matsferli umsókna í Vísindasjóð ásamt gerð styrkja og styrkjaflokka í samræmi við stefnu Vísindasjóðs. Byggt á reynslu fyrra árs þá fer ráðið yfir og uppfærir regluverk, texta og gerð umsóknareyðublaða ásamt leiðbeiningum, til samræmis við þá stefnu. Vísindaráð ákveður innihald og gerð umsóknareyðublaða í samræmi við áherslur sjóðsins ásamt regluverki og leiðbeiningum. Það ákveður áhersluþætti í mati og leiðbeiningum fyrir ytri matsaðila ásamt gerð staðlaða matsblaða fyrir ráðsmenn og ytri matsaðila til að auðvelda samræmingu á mati umsókna og einkunnagjöf. Við þessi verkefni nýtur það aðstoðar starfsmanns ráðsins, sem einnig heldur utan um rafræna styrkumsóknarkerfi spítalans, ásamt því að halda utan um og leiðbeina umsækjendum í umsóknarferlinu og matsaðilum í matsferlinu. Styrkjaúthlutunarferlið ásamt utanumhald og undirbúning á viðburðum tengdum styrkúthlutunum er í höndum starfsmanns ráðsins, og framkvæmt í samráði við ráðið.

Auglýst var eftir umsóknum um rannsóknarstyrki (styrkjaflokkur A) vegna vorúthlutunar úr Vísindasjóði Landspítala þann 16. desember 2021 og var umsóknarfrestur til 31. janúar 2022. Sjóðnum bárust 90 umsóknir, þar af rúmlega þriðjungur umsóknir til framhaldsverkefna. Allar umsóknir eru metnar m.t.t skilyrða Vísindasjóðs sem settar eru fram í leiðbeiningum sjóðsins og m.t.t. gæða umsókna, vísindalegs gildis og vísindalegrar reynslu og hæfni umsækjenda. Utanaðkomandi matsaðilar eru fengnir til að meta umsóknir og gefa einkunn skv. matsblaði Vísindaráðs.

Auglýst var eftir umsóknum til Vísindasjóðs um styrki til handa ungu starfsfólki Landspítala til klínískra rannsókna (styrkjaflokkur B) þann 19. september og var frestur til að skila inn umsókn 28. október 2022. Sjóðnum bárust 14 umsóknir þar af ein umsókn um framhaldsverkefni.

VAL Á HEIÐURSVÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA

Heiðursvísindamaður Landspítala er valinn á hri hverju af Vísindaráði. Árið 2022 auglýsti Vísindaráð eftir tilnefningum til heiðursverðlauna frá starfsfólki Landspítala um miðjan janúar og var umsóknarfrestur til 28. febrúar. Ráðsmenn hafa veg og vanda af yfirferð tilnefninga og er lagt mat á árangur viðkomandi vísindamanns í rannsóknum sínum ásamt frumleika og sjálfstæðis í vísindastörfum hans. Horft er til fjölda birtinga

í góðum erlendum fagtimaritum, fjölda greina sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur og fjölda tilvísana í birtar greinar, öflunar stórra styrkja hérlendis sem erlendis og þátttöku og árangurs í erlendu samstarfi. Einnig er horft til framlags vísindamanns til eflingar vísinda og vísindamenningar innan Landspítala, greinafjöldi sem byggir á rannsóknum innan spítalans, fjölda tilvitnana í þær greinar og fjöldi útskrifaðra meistara- og doktorsnema.




UMSJÓN OG YFIRFERÐ INNSENDRA ÁGRIPA VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM

Auglýst var eftir ágrípum veggspjalda vísindaverkefna í lok janúar og var frestur til innsendingar 14. mars. Fjöldi innsendra ágripa var 41 og voru 39 ágrip samþykkt til birtingar í fylgiriti Læknablaðsins ásamt ávarpi formanns Vísindaráðs og dagskrá Vísindi á vordögum. Ástæða höfnunar ágripa til birtingar er í flestum tilfellum sú að rannsókn er metin sem gæðaverkefni en ekki vísindaverkefni. Vísindaráð metur vísindalegt gildi og gæði allra ágripa og velur 2-3 ágrip sem hljóta kynningu og peningaverðlaun á Vísindi á vordögum.

Í meðfylgjandi tengli er hægt að skoða innsend ágrip.

[Fylgirit 111 | Læknablaðið \(laeknabladid.is\)](#)

Fjöldi ágripa var nokkur meiri en árið á undan en samanborið við árin þar á undan virðist sem fjöldi innsendra ágripa fari fækkandi, sjá stólparitið hér að neðan.



VAL Á UNGUM VÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA

Val á ungum vísindamanni Landspítala er í höndum Vísindaráðs. Samhliða auglýsingu eftir ágrípum veggspjalda er auglýst eftir tilnefningum til heiðursnafnbótarinnar „Ungur vísindamaður Landspítala“ ár hvert. Val á ungum vísindamanni byggir á ferilskrá hans og ritalista og þá aðallega greinum þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur. Þá er einnig horft til vísindalegs gildis þess verkefnis og gæða þess ágríps sem viðkomandi sendir inn. Árið 2022 voru tilnefningar 8 talsins og mat Vísindaráð tilnefningarnar.

Ágrip vegna Vísinda á Vordögum 2023

Ágrip vísindaverkefnis til kynningar á Vísindum á vordögum sem haldið verður 26. apríl 2023 / Tilnefning til viðurkenningarinnar „Ungur vísindamaður Landspítala 2023“

Innsent ágrip skal eingöngu kynna rannsóknarniðurstöður vísindaverkefnis, en ekki þróunarverkefnis eða gæðaverkefnis.

Ágrip skal vera á íslensku, nema í þeim tilfellum þar sem fyrsti höfundur er ekki íslenskumælandi.

Ef fyrsti höfundur ágríps vill koma til greina sem Ungur vísindamaður Landspítala 2023 fyllir hann skilmerkilega út þann hluta eyðublaðs sem við á.

- Vísindaráð fer yfir og metur innsend ágrip og áskilur sér rétt til þess að hafna þeim ágripum sem uppfylla ekki kröfur um vísindalegt innihald eða ekki er vandað til.

Innsend ágrip eru grunnur vals á verðlaunum til starfsmanna og nema á Landspítala fyrir framúrskarandi vísindaverkefni.

Samþykkt ágrip verða birt á rafrænu formi í fylgiblaði Læknablaðsins. Vanda skal til málfars; Ágrip verða birt eins og þau eru send inn.

Leiðbeiningar um gerð ágrípsins er að finna neðar í eyðublaðinu. Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs og innsendingu er að finna undir spurningarkerkinu (?) við hvern lið umsóknareyðublaðs og á innri vef ([hér](#)).

FRESTUR TIL AÐ SKILA INN ÁGRIPUM ER TIL MIÐNÆTTIS FÖSTUDAGINN 10. MARS 2023.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður M. Backman, s. 5431410/8646147, vísindarad@landspitali.is.

VÍSINDI Á VORDÖGUM - SKIPULAGNING, DAGSKRÁRGERÐ OG FRAMKVÆMD

Vísindi á vordögum er árleg uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Megintilgangur Vísinda á vordögum er að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala til að hittast og gefa sér tóm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við í rannsóknum sínum. Skipulagning hátíðarinnar og ákvörðun um dagskráliði er í höndum Vísindaráðs. Framkvæmd hátíðarinnar er í höndum starfsmanns ráðsins, í samráði við formann vísindaráðs. Í undanfara Vísinda á vordögum 2022 fór fram viðamikil undirbúningur í umsjón starfsmanns ráðsins. Ber þar helst að nefna samstarf við samskiptadeild Landspítala þar sem unnið var að upptöku viðtala við heidursvísindamann og ungan vísindamann, myndatökum, skipulagi á beinu streymi, auglýsingagerð og birtingu auglýsinga, grafískri hönnun auglýsinga og vefsíðu hátíðar auk samantekta fyrir vefsíðuna og síðu veggspjaldasýningar, samantekt á tölulegum gögnum til upplýsinga og fréttum frá liðnu ári.

ÚHLUTUN ÚR BIRTINGASJÓÐI LANDSPÍTALA

Birtingarsjóður Landspítala úthlutaði tæplega 3 milljónum króna á öðru starfsári sínu. Umsóknir sem bárust til sjóðsins á árinu voru 40 talsins og voru 30 umsóknir afgreiddar á árinu. Styrkirir fóru til 15 höfunda greina og 19 mismunandi birtra greina. Af úthlutuðum styrkjum voru 8 vegna birtingar sem fyrsti höfundar að grein og 14 vegna birtingar sem síðasti höfundur að grein. Rúmlega 90% styrkjanna voru vegna birtinga í tímaritum af flokki A; tímarit í yfir 75% flokki áhrifastuðuls (Q1) í viðkomandi fræðigrein. 8 umsóknum um styrk var hafnað af stjórn sjóðsins. Helstu ástæður höfnunar voru að um var að ræða yfirlitsgreinar sem ekki eru styrktar skv. reglum sjóðsins, ekki eru styrktar fleiri en 3 greinabirtingar á ári frá sama höfundi, aldur greina samræmdist ekki reglum sjóðsins eða höfundar greina tengdu sig ekki við Landspítala á greininni.

Markmið Birtingasjóðs er að styðja frekar við vísindastarf starfsfólks Landspítala, með því að hvetja vísindafólk til að birta rannsóknir sínar í erlendum tímaritum með háan áhrifastuðul og verja tíma sínum í leiðandi hlutverki í metnaðarfullum rannsóknarverkefnum. Styrkir sem veittir eru úr sjóðnum eru ekki bundnir við að greiða niður birtingarkostnað heldur ræður styrkhafinn hvernig hann nýtir styrkinn. Dagleg umsjón sjóðsins fyrir hönd stjórnar Birtingasjóðs er í höndum starfsmanns vísindaráðs.

UMSÖGN Í SAMRÁÐSGÁTT ALÞINGIS - BREYTING Á LÖGUM UM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Vísindaráð fjallaði um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 um skipun stjórnar Landspítala á fundi sínum þann 25. janúar 2022. Það var samdóma álit ráðsmanna að ekki væri nægilega skýrt kveðið á hvort vísindin ættu málssvara í fyrirhugaðri stjórn Landspítala og um það álit var fjallað í umsögn sem formaður ráðsins sendi inn í samráðsgátt í nafni ráðsins ([sjá hér](#)).

VEFSÍÐA VÍSINDARÁÐS LANDSPÍTALA

Á árinu hófst vinna við að gera drög að sérstakri vefsíðu fyrir Vísindaráð og Vísindasjóð í samvinnu við vefstjóra í samskiptadeild, þar sem saman kæmu á einum stað upplýsingar um ráðsmenn, sögu vísindaráðs, tölulegar upplýsingar, leiðbeiningar til vísindamanna hvað varðar innsendingu umsókna, mat og annað er kemur að starfsemi ráðsins. Vefsíða Vísindaráðs hefur lítið dagsins ljós, en er enn í vinnslu og er í umsjón starfsmanns ráðsins ([sjá vefsíðu](#)).

LANDSPÍTALI

Sjúklingar / Aðstandendur Fagfólk Um Landspítala

Forsíða Um Landspítala Stjórnun og skipulag Nefndir og ráð

Vísindaráð Landspítala

Þverfaglegt ráð sem er forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindatengd málefni á spítalanum og á það m.a. við um endurskoðun og gerð tillagna að vísindastefnu Landspítala á hverjum tíma.

Formaður vísindaráðs: Rósa Björk Barkardóttir, rosa@landspitali.is
Starfsmaður vísindaráðs: Valgerður M. Backman, valgebac@landspitali.is
Erindi til ráðsins skal senda á tölvupóstfangið: vissindarad@landspitali.is



Vísindi á vordögum 2023 - í Hringstal 26. apríl

HANDBÓK VÍSINDASJÓÐS

Undanfarin ár hefur starfsmaður ráðsins unnið að því að safna saman í handbók gagnlegum upplýsingum fyrir umsækjendur styrkja og matsaðila vísindaumsókna. Stærstur hluti handbókarinnar verður samansafn af efni sem Vísindaráð hefur unnið áður, svo sem leiðbeiningar til umsækjenda um gerð umsókna, leiðbeiningar um mat á umsóknum, stöðluð matsblöð vísindaráðs og leiðbeiningar um einkunnagjöf. Ætlunin er einnig að safna í handbókina gagnlegu efni og tenglum til að auðvelda styrkjagerð. Umsjón og framkvæmd er á hendi starfsmanns ráðsins.

ÚTHLUTUN STYRKJA 2022


STYRKJAFLOKKUR A - VERKEFNASTYRKIR TIL REYNDRA VÍSINDAMANNA Á LANDSPÍTALA

Markmið styrkjaflokks A er efling rannsókna í heilbrigðisvísindum á Landspítala með úthlutun styrkja til metnaðarfullra verkefna sem stýrt eru af reyndu vísindafólki innan Landspítala. Árið 2022 var úthlutað styrkjum til 82 vísindaverkefna samtals 100 milljón króna. Úr Vísindasjóði Landspítala voru veittar 93 milljónir til 78 verkefna og var meðalupphæð styrkja tæplega 1,2 milljónir króna. Styrkirnir voru afhentir formlega af forstjóra spítalans og formanni vísindaráðs á Vísindum á vordögum þann 4. maí. Í meðfylgjandi tengli má finna upplýsingar um hverjir fengu úthlutað styrk og þar fyrir neðan myndir sem sýna samantekt helstu þátta sem tengjast umsóknum og umsækjendum.


ÚTHLUTUN 2022

Úthlutun eftir sviðum	Fjöldi umsókna	Fjöldi nýrra verkefnastyrkja	Helidarupphæð nýrra styrkja	Fjöldi framhaldsstyrkja	Helidarupphæð framhaldsstyrkja
Æðþjónusta	5	2	2.500.000	1	840.000
Hjarta- og æðþjónusta	2	1	500.000	1	1.400.000
Hjúkrun og lækningar	11	2	2.710.000	8	9.450.000
Krabbameinsþjónusta	6	1	1.370.000	3	4.290.000
Veisla- og barnþjónusta	10	7	5.710.000	2	2.770.000
Önnur svið	2	1	250.000		
Flækninga- og bráðþjónusta	13	9	9.430.000	3	4.200.000


Úthlutun eftir starfsgreinum




Skipting styrkúthlutunar eftir kyni




Úthlutun eftir sviðum/deildum




Fjöldi styrkumsókna og úthlutanir milli ára




Samanburður á fjölda umsókna milli starfsgreina/ár



Meðalstyrkuppþæð milli ára



Hlutfall umsókna sem eru samþykktar/hafnað



MINNINGARGJAFASJÓÐUR LANDSPÍTALA ÍSLANDS

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands (MLÍ) var stofnaður árið 1916. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættri meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eða til valinna verkefna á vegum Landspítala. Sjóðurinn hefur úthlutað verðlaunastyrkjum til vísindafólks Landspítala í tengslum við úthlutun úr Vísindasjóði. Valdir umsækjendur styrkja til Vísindasjóðs hafa ár hvert síðan 2019 (fyrir utan 2021) fengið verðlaunastyrk úr sjóðnum sem nemur umsóttri samþykktri upphæð til Vísindasjóðs og eru verðlaunahafar valdir af stjórn sjóðsins eftir ábendingu frá Vísindaráði Landspítala. Heildarupphæð styrkja sem sjóðurinn hefur úthlutað til verðlaunaverkefna er rúmlega 14 milljónir króna.

Árið 2022 úthlutaði Minningargjafasjóður Landspítala til fjögurra metnaðarfullra verkefna að heildarverðmæti rúmar 7 milljónir króna. Styrkþegar árið 2022 voru Bylgja Hilmarsdóttir, náttúrufræðingur, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, forstöðumaður og prófessor við Háskóla Íslands, Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands og Oddur Ingimarsson, sérfræðilæknir og lektor við Háskóla Íslands. Verðlaunastyrkir voru afhentir á Vísindum á vordögum þann 4. maí.

STYRKJAFLOKKUR B - VÍSINDASJÓÐSSTYRKIR TIL UNGS VÍSINDAFÓLKS Á LANDSPÍTALA

Markmið styrkjaflokks B er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirgni ungra vísindamanna. Styrkjunum er ætlað að gera ungu vísindamönnunum kleift að taka launalaust leyfi frá klíniskum störfum sínum til að stunda rannsóknir. Úthlutað var styrkjum til 9 verkefna, að heildarfjárhæð rúmlega 15 milljónir króna. Afhending styrkjanna fór fram við hátíðlega athöfn þann 8. desember. Willum Þór Þórisson, heilbrigðisráðherra, flutti ávarp og Runólfur Pálsson, forstjóri og Rósa Björk Barkardóttir formaður Vísindaráðs, afhentu styrkina. Fundarstjóri var Jóna Freysdóttir, ónæmisfræðingur á Ónæmisfræðideild Landspítala, prófessor við Háskóla Íslands og meðlimur í vísindaráðinu. Nokkrir af ungu vísindamönnunum fluttu kynningu á rannsóknarverkefni sínum. Í meðfylgjandi tengli er hægt að finna upplýsingar um hverjir fengu úthlutað styrkjum, [ÚTHLUTUN 2022](#)

VÍSINDI Á VORDÖGUM 2022



Uppskeruhátíð vísindanna á Landspítala, Vísindi á vordögum, var haldin þann 4. maí í Hringisal Landspítala og var athöfn streymt beint. Willum Þór Þórisson, heilbrigðisráðherra, setti hátíðina og ávarpið hátíðargesti. Heiðursvísindamaður Landspítala árið 2022, Helgi Jónsson, sérfræðingur í gigtarlækningum við lyflækninga- og bráðþjónustu Landspítala, var kynntur til sögunnar og hélt hann fyrirlestur um vísindalegan árangur sinn. Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og fundarstjóri kynnti síðan Birtingasjóð Landspítala, tilurð hans og stofnun.

Tveir styrkþegar úr sjóðnum voru valdir til að halda kynningar um efni vísindagreina sem sjóðurinn hafði styrk á árinu. Fundastjóri opnaði formlega veggspjaldavef hátíðarinnar og kynnti fyrir hönd Vísindaráðs val á verðlaunaágrípum hátíðarinnar, en þau eru valin úr hópi innsendra ágrípa. Þrír vísindamenn fengu verðlaun í forni fjárinneignar til greiðslu kostnaðar við kynningu á verkefnum sínum innanlands og/eða utan. Veggspjöld tæplega 40 vísindamanna voru til sýnis fyrir framan Hringsal og gafst fundargestum tækifæri á að skoða þau og ræða við höfundu þeirra í kaffihléi. Að loknu kaffihléi ávarpaði fundarstjóri, Sigríður Gunnarsdóttir, fyrir hönd sjóðstjórnar Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands hátíðargesti og tilkynnti um styrkþega sjóðsins árið 2022. Fjórir vísindamenn fengu styrk og tveir þeirra kynntu stuttlega verkefni sín. Þá var val á Arnari Braga Ingasyni sem Ungum Vísindamanni á Landspítala 2022 kynnt og hélt hann í kjölfarið stutta kynningu á vísindaverkefnum sínum. Að lokum kynnti formaður Vísindaráðs Landspítala niðurstöður úr matsferli ráðsins á umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala og í framhaldinu afhenti forstjóri formlega rannsóknarstyrki úr sjóðnum.



Vísindi á vordögum er uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum og er afkrakstur vinnu vísindaráðs til kynningar á vísindastarfi innan spítalans. Hátíðinni hefur verið streymt beint síðustu þrjú ár og eru upptökur af hátíðinni og einstökum fyrirlestrum aðgengilegar á vef spítalans. Á vef hátíðarinnar eru einnig að finna helstu fréttir á sviði vísindastarfs á spítalanum sem birst hafa á innri og ytri vef Landspítala, sem og ýmis töluleg fylirlit.

VEGGSPJALDAKYNNING Á VÍSINDUM Á VORDÖGUM

Veggspjöld sem kynnt voru á hátíðinni eru einnig aðgengileg á rafrænu formi á vefsíðu hátíðarinnar sem stuðlar að auknum sýnileika

Newborn Screening for Cystic Fibrosis in Iceland; a Pilot Study

LIZETTE MARCHADESCH

Newborn Screening for Cystic Fibrosis in Iceland; a Pilot Study

Nýgengi blááðasega í kjölfar þæklunar- og kviðarholsskurðaðgerða á Landspítala á árunum 2010-2020

MARGRÉT INDRÁ DAÐADÓTTIR

Nýgengi blááðasega í kjölfar þæklunar- og kviðarholsskurðaðgerða á Landspítala árin 2010-2020.

Kerfislæg æðakölkun veldur skerðingu á blóðflæði til heila

MARIÁNA GÁRDARSÓTTIR - ER VERÐLAUNAHAFI

Kerfislæg æðakölkun veldur skerðingu á blóðflæði til heila

Þætti	2019	2020	2021	2022
Almannatölur	184,2	189,3	192,19	194,86
Heilbrigðis	8,4	8,6	8,9	9,1
Almannatölur	175,8	180,7	183,2	185,7
Almannatölur	176,4	180,7	184,3	185,7
Almannatölur	177,0	181,1	184,3	185,7
Almannatölur	177,4	181,7	184,3	185,7

vísindastarfs á Landspítala. Ágríp veggspjaldanna eru einnig ár hvert birt í fylgiriti Læknablaðsins. Mikilvægt er að starfsfólk og annað áhugafólk hafi tækifæri til að kynna sér þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru á spítalanum og að taka þátt í Vísindi á vordögum er ekki síður mikilvægt fyrir það starfsfólk spítalans sem er að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum.

DAGSKRÁ VÍSINDA Á VORDÖGUM 2022

[FYLGIRIT LÆKNABLAÐSINS 2022](#)

[VEFSÍÐA VÍSINDA Á VORDÖGUM 2022](#)

[VEFSÍÐA VEGGSPJALDA 2022](#)

[YFIRLIT STYRKÚTHLUTUNAR ÚR VÍSINDASJÓÐI LANDSPÍTALA 2022](#)

UM VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Vísindasjóður Landspítala-háskólasjúkrahúss var stofnaður árið 2001 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur ([sjá skipulagsskrá](#)) og voru fyrstu styrkveitingar úr sameinuðum sjóðunum á árinu 2002. Vísindasjóður veitir styrki úr sjóðnum byggt á tillögum frá Vísindaráði Landspítala sem hefur yfirumsjón með mati umsókna til sjóðsins hverju sinni.

STJÓRN VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA 2022

Runólfur Pálsson, forstjóri

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga/Tómas Þór Ágústsson settur framkvæmdastjóri lækninga frá júlí 2022.

Ólafur D. Andrason, framkvæmdastjóri skrifstofu fjármála.

Rósa Björk Barkardóttir, yfirmaður sameindameinafræði meinafræðideildar og klínískur prófessor við Háskóla Íslands.

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar/Hrund Scheving Thorsteinsson settur framkvæmdarstjóri hjúkrunar frá sept. 2022



